



[www.meetinreykjavik.is](http://www.meetinreykjavik.is)

## **Ráðstefnuborgin Reykjavík (Meet in Reykjavík)**

Kynning á starfsemi og MICE-markaðnum á Íslandi



**LET'S MEET  IN  
THE MIDDLE**

## Bakgrunnur og starfsemi Meet in Reykjavík

Aðdragandann að stofnun Meet in Reykjavík árið 2012 má rekja til áhuga kjölfestuaðildarféлага, Reykjavíkurborgar, Icelandair Group og Hörpu, á að sækja með skipulagðari hætti á markaði fyrir MICE-ferðapjónustu. MICE-ferðamenn koma til landsins til þess að taka þátt í ráðstefnum, fundum, hvataferðum eða viðburðum. Reykjavík, og í raun landið allt, er vel í stakk búin til þess að keppa við aðra áfangastaði um þennan verðmæta markhóp: Hér er framúrskarandi ráðstefnuaðstaða, fjölbreyttir gistimöguleikar, aðgengi með flugi sem er betra en í flestum nágrannalöndum og góð þjónusta, þ.e. menntun og þjálfun starfsfólks er fyrsta flokks. Samkeppnisforskið liggur svo ekki síður í nálægð þéttbýlis við einstaka náttúrupplifun.

Það má segja að við bjóðum upp á sérstaka blöndu af innviðum sem standast alþjóðlegan samanburð, náttúrufergurð og sveitarómantík. Við erum með áfangastað sem er öruggur en um leið spennandi, umhverfisvænn og aðgengilegur. Jákvæð ímynd Íslands og Reykjavíkur hefur líka þau áhrif að ráðstefnur og viðburðir sem eru haldnir hér á landi draga til sín fleiri þátttakendur en gengur og gerist á öðrum áfangastöðum.

Góðan árangur í uppbyggingu MICE-ferðapjónustu hér á landi má meðal annars sjá í því að á liðnu ári var Reykjavík valin besta ráðstefnu- og hvataferðaborg Evrópu árið 2017 af tímaritinu „Business Destinations“. Verðlaun tímaritsins eru ein þau virtustu sem veitt eru þjónustuaðilum viðskiptaferða og eru þau veitt í nokkrum flokkum. Árið 2016 hlaut Harpa verðlaun tímaritsins sem besta ráðstefnuhús Evrópu.



Reykjavík hefur jafnframt komið vel út á „Global Destination Sustainability Index“, sem mælir sjálfbærni meðal mikilvægra áfangastaða til ráðstefnu- og fundarhalds. Árið 2017 voru 38 borgir mældar og deilir Reykjavík þriðja sæti listans með Kaupmannahöfn



Fyrirkomulagið á rekstri og starfsemi Meet in Reykjavík er vel þekkt. Þær borgir og áfangastaðir sem vilja keppa á þessum markaði starfrækja svipaðar einingar, „convention bureau“, sem gegna sama hlutverki. Fyrirkomulagið er ýmist hálfopinbert, þ.e. samstarf opinberra og einkaaðila eins og í tilfalli Meet in Reykjavík, eða með öllu fjármagnað af hinu opinbera.

Ástæða þess að markaðssetning MICE-ferðapjónustu er jafnan aðskilin hefðbundnari ferðapjónustu er að þarfir og kröfur markhópana eru ólíkar. Markhópur MICE-ferðapjónustu er fyrst og fremst alþjóðlegar stofnanir og félagasamtök sem standa reglulega fyrir ráðstefnum og viðburðum, ferðaskrifstofur með sterkar tengingar við atvinnulífið og háskóla- og fræðasamfélagið, en sjaldnast einstaklingar. Kaupendur MICE-þjónustu þurfa mikla þjónustu og oft sértækar upplýsingar um áfangastaðinn. Kaupákvörðun getur tekið allt frá nokkrum mánuðum upp í nokkur ár.

## Hlutverk Meet in Reykjavík

Hlutverk Meet in Reykjavík er að auka verðmætasköpun í ferðaþjónustu, kynna og markaðssetja áfangastaðinn á þessum sértæka, en samkeppnisdrifna, markaði og vera upplýsingaveita um MICE-markaðinn og þjónustuframboð hér á landi gagnvart viðskiptavinum, fjölmiðlum, aðildarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum.

Meet in Reykjavík er ekki síður samfélag hagsmunaaðila í MICE-ferðaþjónustu og innan þess er stuðlað að aukinni þekkingu, ábyrgri markaðssetningu, faglegum vinnubrögðum og stefnumótun byggða á heildarhagsmunum aðildarfélaga, umhverfisins, áfangastaðarins og nærsamfélagsins.

Verkefni eru margþætt, meðal annars að halda utan um upplýsingavef, svara fyrirspurnum um áfangastaðinn frá kaupendum og fjölmiðlum, taka á móti viðskiptavinum í söluheimsóknum og taka þátt í kaupstefnum og fagsýningum. Meet in Reykjavík tekur einnig þátt í starfi alþjóðlegra félagasamtaka innan MICE-markaðarins, m.a. ICCA, sem eru alþjóðleg samtök þjónustuaðila með aðildarfélaga frá yfir 100 löndum. Meet in Reykjavík er einnig stofnaðili að „European National Convention Bureaux Strategic Alliance“, sem hefur það hlutverk að styrkja tengsl aðildarfélaga við lykilmarkaði og að efla markaðsrannsóknir innan svæðisins.

Meet in Reykjavík starfrækir einnig „**Meet in Reykjavík Ambassador Club**“, en hlutverk hans er að veita þeim stuðning, aðstoð og ráðgjöf sem vilja sækja alþjóðlegar ráðstefnur og viðburði til landsins. Meðlimir klúbbsins eru 243 talsins (febrúar 2018) og eiga það sameiginlegt að hafa tengsl við ýmis alþjóðleg félagasamtök eða stofnanir. Persónuleg tengsl geta vegið þungt í því að greiða fyrir komu slíkra viðburða til landsins en meðlimir klúbbsins fá aðgang að fjölbreyttu markaðs- og kynningarefni og aðstoð við upplýsingaöflun o.fl. þeim að kostnaðarlausu.

Mikilvægur og vaxandi liður í starfsemi Meet in Reykjavík er útgáfa svokallaðra BIDA. Orðið „bid“ er sótt beint í ensku og þýðir í raun tilboð eða umsókn, en innan MICE-heimsins er BID ekki síður yfirlýsing á vilja áfangastaðar til þess að halda tiltekna ráðstefnu eða viðburð. Undantekningalaust senda fleiri en einn áfangastaður BID í alþjóðlegan viðburð. Dæmi eru um að 3-5 áfangastöðum sé boðið að senda inn BID, en einnig er þekkt að umsóknarferlið sé öllum opið. Vinna við BID getur verið mjög breytileg eftir stærð og umfangi viðburðar. Ferlið getur tekið frá nokkrum vikum upp í mánuði og jafnvel ár. Úrvinnsla BIDA getur að sama skapi verið mjög teygjanleg. Oftar en ekki eru BID unnin í samstarfi við Ambassador, þ.e. meðlim í Meet in Reykjavík Ambassador Club sem hefur tengingu við alþjóðlegu samtökin sem halda viðburðinn sem sóst er eftir.

## Mikilvægi MICE-ferðapjónustu

Reynsla okkar af því að taka á móti og þjónusta þennan markhóp gefur okkur fullt tilefni til að ætla að hann gæti haft töluvert vægi í því að auka verðmætasköpun í íslenskri ferðapjónustu.

World Tourism Organization (UNWTO) hefur ítrekað fjallað um og bent á hagvaxtaráhrif MICE-ferðapjónustu og jafnframt sýnt fram á hvernig hún meðal annars hvetur til tækniþróunar, eflir viðskiptatengsl, eykur arðsemi og stuðlar að uppbyggingu á innviðum áfangastaða.

Jákvæð áhrif MICE-ferðamennsku sjást meðal annars í:


- **Arðsemi:** Tekjur af hverjum ráðstefnugesti eru að jafnaði um tvöfalt hærrí á hverja gistinótt en af meðalferðamanni. Tekjur af hverjum hvataferðamanni eru nær því að vera þrefalt hærrí á hverja gistinótt.
- **Nýting innviða:** Á Íslandi liggur töluverð fjárfesting í innviðum, s.s. hótelum og fundar- og ráðstefnurými, sem væri hægt að nýta betur en nú er gert. Þetta á sérstaklega við úti á landsbyggðinni og eykst eftir því sem fjær dregur Reykjavík.
- **Jafnari dreifing milli árstíða:** 80% MICE-gesta koma til landsins utan skilgreinds háannatíma.
- **Betra jafnvægi við náttúru:** Eins og gefur að skilja verja MICE-ferðamenn stærstum hluta af heimsókn sinni í þéttbýli. Mikill meirihluti MICE-gesta hér á landi nýtur þó náttúrunnar með einhverjum hætti en gerir það nánast undantekningarlaust í fylgd fagaðila.
- **Jákvæð afleidd áhrif:** Afleiddar tekjur af ferðapjónustu eru að verða nokkuð þekkt stærð. Afleidd áhrif MICE-ferðamennsku liggja þó ekki síður í þekkingu og tengslum sem fundir, ráðstefnur og aðrir fagviðburðir skilja eftir á áfangastaðnum. Ráðstefnu- og viðburðahald gefur fræði- og athafnafólki tækifæri til þess að kynna rannsóknir og þróunarverkefni og fyrirtækjum tækifæri til þess að kynna afurðir og þjónustu. Á nýlegri ráðstefnu sem haldin var á vegum „Meet in Reykjavík“ fjallaði Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, meðal annars um mikilvægi ráðstefnuhalds og hvernig akademískar ráðstefnur séu til þess fallnar að styrkja orðspor háskóla, vekja athygli bæði erlendra nemenda og starfsfólks og hafi vægi í uppröðun háskóla á alþjóðlegum samanburðarlistum

## Markmið

Markmiðið með starfsemi Meet inn Reykjavík er að fjölga MICE ferðamönnum í Reykjavík og auka hlutfall þeirra. Undanfarin ár hefur gengið vel að fjölga MICE-ferðamönnum en hlutfall þeirra hefur þó farið minnkandi í miklum vexti ferðaþjónustunnar undanfarin ár þrátt fyrir að fjöldi MICE-ferðamanna hafi aukist um 15,1% að meðaltali á árunum 2011-2016. Vöxtur á heimsvísu hefur á sama tímabili verið 4,2%.

Árið 2012, þegar meet in Reykjavík var stofnað, var sett það markmið að hlutfall MICE-ferðamanna yrði 11% árið 2020 en er í dag 6%. Í þeim samanburðarlöndum sem mestum árangri hafa náð í að auka verðmætasköpun í ferðaþjónustu er þetta hlutfall 15-20%

### Heildarstærð erlenda MICE markaðarins á Íslandi 2011 - 2016 (fjöldi gesta)



## Aðildarfélagar Meet In Reykjavík

Aðildarfélagar Meet in Reykjavík eru 45 talsins og eiga það sameiginlegt að hafa beina hagsmuni af vexti MICE-ferðaþjónustu á Íslandi með einum eða öðrum hætti.





**MEET  IN REYKJAVÍK**  
Reykjavík Convention Bureau



**LET'S MEET  IN  
THE MIDDLE**

**just 3 hrs from EUROPE  
& 5 hrs from USA**

Meet in Reykjavík  
Soltun 26  
105 Reykjavík  
Iceland

[Conference@MeetinReykjavik.is](mailto:Conference@MeetinReykjavik.is)  
Tel: +354 527 6666  
[www.MeetinReykjavik.is](http://www.MeetinReykjavik.is)